

Til nefndasviðs Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Íbúasamtökum Miðborgar Reykjavíkur til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 86. mál.

Umsögn stjórnar ÍMR er eftirfarandi:

Í 3.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að sveitarstjórnir annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Það hvílir því á sveitarstjórnnum bæði sú skylda og einnig það vald að skipuleggja allt það landsvæði sem er innan marka sveitarfélagsins.

Í 78.gr. gildandi stjórnarskrár Íslands segir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Sjálfsgætt eru skiptar skoðanir á meðal íbúa miðborgar Reykjavíkur um framtíð flugvallar í Vatnsmýri. En að sama skapi er eðlilegast að lýðræðislega kjörin borgarstjórn fari með þetta skipulagsvald, jafnt í Vatnsmýri sem á öðrum stöðum í borgarlandinu. Það eru íbúar Reykjavíkur sem kjósa borgarfulltrúa sína. Að dómi stjórnar Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur kemur ekki til greina að undanskilja ákveðin svæði í borginni skipulagsvaldi sveitarfélagsins. Slíkt felur í sér algert stílbrot og er að auki á skjön við ofangreinda meginreglu stjórnarskrár.

Kær kveðja

F.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur
Benóný Ægisson formaður